

Skipulags- og byggingafulltrúi Eyja- og Miklaholtshrepps og
Helgafellssveitar
Jökull Helgason
Fálkakletti 11
310 Borgarnes



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 6. október 2008
Tilvísun: UST20080800017/ksj

Rennslisvirkjun í Svelgsá, í landi Hrísá, Helgafellssveit – tillaga að deiliskipulagi.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Eyja- og Miklaholtshrepps þar sem komið er á framfæri gögnum vegna deiliskipulags rennslisvirkjunar í Svelgsá, í landi Hrísá í Helgafellssveit. Erindinu fylgir skipulagsuppráttur og greinargerð ásamt umhverfisskýrslu. Umhverfisstofnun gaf umsögn um ofangreinda framkvæmd þann 13. mars 2007, en þar var óskað eftir nánari upplýsingum um væntanlega framkvæmd. Aftur var gefin umsögn 12. apríl og 19. nóvember 2008 gaf Umhverfisstofnun þá umsögn að það væri mat stofnunarinnar að ekki sé líklegt að ofangreind framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Umhverfisstofnun telur þó í umsögn sinni að nauðsynlegt sé að unnt verði að sannreyna að staðið verði að framkvæmdum á þann hátt sem lýst er í gögnum framkvæmdaaðila.

Framkvæmdalýsing

Tillaga að deiliskipulagi tekur til 655 kW vatnsaflsvirkjunar við Svelgsá, en virkjað rennsli verði um 0,77 m/sek miðað við 105 m fall. Fram kemur að að reist verður um 200m löng stífla sem á að halda yfirborði lónsins í um 175 m. h. y. s. Miðhluti stíflunnar verður steinsteyptur með yfirfalli en til hliðar við steypa hlutann verður stíflan úr jarðvegi. Gera þarf aðkomuveg að stöðvarhúsi (stöðvarvegur) sem verður 4 m breiður og 1800 m langur malarvegur frá Snæfellsnesvegi að stöðvarhúsi. Slóði verður gerður að inntaksmannvirkjum. Áætluð jarðvegsfylling stíflu mun nema allt að 5000 m³. Leggja þarf inntak sem mun liggja við hlið aðveiturörs. Stöðvarhús er áætlað að verði 120 m² með mesta mænishæð 5 m. 19 kW jarðstrengur mun flytja orku inn á dreifikerfi Rafmagnsveitur Ríkisins. Inntakslón mun verða u.þ.b. 3000 m². Aðveiturör verður allt að 900 mm í þvermál og verður grafið í jörð við hlið raflínu.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við tillögu að deiliskipulagi og umhverfisskýrslu.

Náttúruminjar

Umhverfisstofnun bendir á að eldhraun njóta verndar samkvæmt 37. grein laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, en ekki 27. grein eins og segir í umhverfisskýrslu.

Efnistaka


Fram kemur í umfjöllun um efnistöku að efnispörf fyrir jarðvegshluta framangreindrar stíflu er 4.000 – 5.000 m³. Einnig kemur fram að notað verður aðkeypt efni og efni sem fengið verður með því að ýta upp efni af því svæði sem væntanlegt lón mun taka yfir og úr skurði sem grafinn verður vegna aðfallsrörs. Umhverfisstofnun telur að fram þurfi að koma hvaðan aðflutt efni verði fengið, þ.e.a.s. hvort um er að ræða efni úr námum í rekstri eða hvort opna þurfi nýjar námur.

Umhverfisstofnun minnir á að samkvæmt 47. grein laga um náttúruvernd nr. 44/1999 gildir eftirfarandi um heimild til efnistöku: „Öll efnistaka á landi og af eða úr hafsbotni innan netlaga er háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar, sbr. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997. Þar sem ekki liggur fyrir samþykkt aðalskipulag sem Umhverfisstofnun og viðkomandi náttúruverndarnefnd hefur gefið umsögn sína um, sbr. 33. gr., er óheimilt að gefa út framkvæmdaleyfi fyrr en að fenginni umsögn fyrrgreindra aðila.“


Sjónræn áhrif

Í umfjöllun um sjónræn áhrif kemur fram að ef af framkvæmd verður, muni hönnun stöðvarhúss og stíflu gerð í fyllsta samráði við viðkomandi skipulags- og byggingarfulltrúa sem og skipulags- og byggingarnefnd Helgafellssveitar og Skipulags- og Umhverfisstofnun. Síðan segir „Eftir standa sjónræn áhrif af vegaslóða frá Snæfellsvegi að Stöðvarhúsi.“ Umhverfisstofnun telur mikilvægt að lagning vegaslóðans verði gerð í samráði við Umhverfisstofnun þar sem miklu máli skiptir að leggja hann þannig í landi að yfirborð vegar verði sama og yfirborð nærumhverfis.

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur



Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun